

## Samráðsfundur

**Dags:** 31. okt. 2008, kl. 12:00

**Aðili:** Ferðafélag Íslands

Fulltrúar: Ólafur Örn Haraldsson

Tengiliðir: olafhar@simnet.is

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Helga Barðadóttir (Iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytið) og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður Verkefnisstjórnar, sem skrifaði fundargerð.

1. Fí var stofnað 1927 og félagsmenn eru nú um 8000. Móðurfélag hefur aðsetur í Reykjavík en aðildarfélög teyja sig víða um land. Félagið á og rekur 40 skála og hefur t.d. átt í samstarf við umhverfisráðuneytið um land- og skálavöstu í Vatnajökulsþjóðgarði.
2. Ferðafélagið hefur mikla trú á starfi rammaáætlunar og vill gera sitt til að greiða götu og styðja starf nefndarinnar til að ná ásættanlegri niðurstöðu.
3. Fí er í raun ekki náttúruverndarfélag en „vilja vinna með íslenskri náttúru“. Félagið áskilur sér rétt að taka til máls um ákveðin mál, t.d. Kjalveg, Þjórsárver og Torfajökulssvæðið.
4. Fí lítur svo á að hálendið sér „kjörsvæði“ félagsins og þar „hljótum við að tala röddu ferðamanna um nýtingu með skynsamlegum hætti“. Félagið hefur í bígerð að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um málefni hálendisins, ma. með erlendum fyrirlesurum frá Noregi, Alpalöndunum og Bandaríkjunum.
5. Ólafur nefndi sérstaklega áhyggju sínar af Hagavatni við Langjökul en þar gæti komið til „inngrip á svæði sem er algerlega óraskað“. Þar væri „svikamylla“ í gangi.
6. Ólafur samþykkti að taka sæti í faghópi II.